



IX

Fornleifaskráning vegna samkeppni um
skipulag í
Áslandi og Grísanesi

Birna Gunnarsdóttir
Ragnheiður Traustadóttir

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Inngangur

Skýrsla þessi er tekin saman að beiðni bæjaryfirvalda í Hafnarfirði vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi. Í þjóðminjalögum¹ er ákvæði um að skylt sé skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (1.gr.), þar á meðal fornleifa. Í 16. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem

- [...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; · · · · ·
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 17. grein segir að fornleifum megi enginn "spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar fyrir eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós ber að tilkynna það þjóðminjayfirvöldum; komi fornleifar í ljós við jarðrask ber skal fresta vinnu á staðnum þar til ákvörðun þjóðminjayfirvalda um hvort og með hvaða skilyrðum vinna á staðnum megi halda áfram liggur fyrir (20. gr.)

Æskilegast er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, en sé það alls ekki mögulegt ber að tilkynna Þjóðminjasafni Íslands um fræpkvæmdimar með fyrirvara, og hefur safnið völd til að krefjast þess að þeim sé frestað þar til fornleifarannsókn á staðnum er lokið. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum, reynist þær nauðsynlegar vegna framkvæmdanna (21. gr.)

¹nr. 88/1989, með breytingum nr.43/1991 og 98/1994

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna gegn því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning gagnast minjavörslunni þegar ákvarðanir eru teknir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum, auk rannsókna og kynningar, en það er ekki síður hagur þeirra sem stýra framkvæmdum hvers konar að hafa tiltækt yfirlit yfir fornleifar á svæðinu. Ef höfð er hliðsjón af fornleifaskráningu við skipulagsvinnu minnka líkurnar á því að komi óvænt í ljós fornleifar sem nauðsynlegt er að rannsaka; auk kostnaðar við rannsóknir geta tafir á framkvæmdum reynst ærið kostnaðarsamar. Björgunaruppgröftur, sem er unnin vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum. Þegar fornleifaskrá er höfð til hliðsjónar við skipulagsvinnu skapast jafnframt tækifæri fyrir þá sem vinna við skipulag byggðar að taka tillit til menningarminja sem fyrir eru. Þar sem tóftir eru skýrar og vel varðveittar er sjálfsagt að nýta þær í skipulaginu og hafa þær sýnilegar, þannig að saga staðarins sé ekki máð burt úr landslaginu, heldur varðveitt. Ef vel er frá rústunum gengið er óhætt að fullyrða að vernd þeirra, t.d. á grænum svæðum, innan byggðarinnar geti verið íbúum þar til ánægju og fróðleiks, auk þess sem minjar í landslagi væru tilvaldir áfangastaðir í vettvangsferðum skólabarna.

Þjóðminjasafn Íslands lét skrá fornleifar í landi Hafnarfjarðar á árunum 1987-1990 og vann Sigurður Bergsteinsson fornleifafræðingur við skráninguna ásamt Jóni Allanssyni. Árið 1987 var safnað heimildum um fornleifar í bæjarlandinu. Sumrin 1988 og 1990 voru fornleifar skráðar á vettvangi, mældar, teiknaðar og ljósmyndaðar, auk þess sem þeim er lýst nákvæmlega í sérstakar-skráningarbækur fornleifadeildar. Ekki hefur fengist fjárveiting til að ljúka vettvangsvinnu og ganga frá lokaskýrslu. Við gerð þessarar skýrslu var stuðst við skráningargögn fornleifadeildar Þjóðminjasafnins, en þar sem vettvangsskráningu var ekki að fullu lokið á því svæði sem nú er verið að skipuleggja reyndist nauðsynlegt að fara á vettvang og ljúka henni. Þá bættust við 22 staðir sem ekki höfðu verið skráðir áður, en alls eru skráð 28 númer á svæðinu.

Skráðar minjar á skipulagssvæðinu

Skipulagssvæðið er að mestu í landi jarðarinnar Áss. Áss er fyrst getið í rituðum heimildum árið 1506, en ekki er vitað hvenær búskapur þar hófst. Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman Jarðabók 1712 átti konungur meirihluta jarðarinnar og Jón Pétursson lögréttumaður minnihluta. Dýrleiki jarðarinnar var sagður óviss en talið líklegt að hann væri 12 hundruð, og þannig er jörðin metin í Jarðatali Johnsens 1847. Jörðin Ás var lögð undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar 1959 og bærinn eignaðist landið 1964. Búskapur var stundaður á Ási fram eftir öldinni. Á öllu svæðinu umhverfis Ás verður að hafa sérstakt eftirlit ef framkvæmdir verða þar.



Mynd 1. Útihús norðaustan við túnið í Ási

1 Bæjarstæði Áss er í landi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar suðaustan við Ástjörn, og er nú vegur þar sem bærinn hefur staðið. Búið er að rífa öll bæjarhús og sést ekki til þeirra annað en húsgrunnur, sennilega er það grunnur íbúðarhúss sem var reist árið 1904. Þótt ekki sjáist til rústa á yfirborði eru án efa minjar um aldalanga búsetu á Ási í bæjarhólnum.

2 Túngarður sem sýndur er á túnauppdrætti frá 1918 sést enn að hluta. Garðurinn er greinilegastur að norðan- og austanverðu; hann er annars staðar nokkuð sokkinn þótt enn megi greina hann á löngum köflum.

3, 4 Tvenn útihús er hægt að staðsetja eftir uppdrætti frá 1918, en ekki er ólíklegt að leifar um fleiri útihús gætu komið í ljós innan heimatúnsins. Þótt tóftir útihúsa séu ekki sjáanlegar á yfirborði, t.d. þar sem tún hafa verið sléttuð, er líklegt að leifar þeirra séu enn undir yfirborði.

5 **Tóftir útihúsa** eru rétt norðan við gamla túnið. Vesturhlið er 18 m löng og grjót í veggjum sem eru lágir. Tóftin skiptist í a.m.k. þrjú hólf, það syðsta er greinilegast, 3 x 4 m að innanmáli, og er innangengt þaðan í miðhólf. (Sjá mynd 1)

6 **Lambhús** eru í örnefnalýsingu sögð hafa verið í Lambhústúni, austan bæjarlækjarins. Staðsetning óviss.

7-8 **Traðir** eru nefndar í örnefnalýsingu og sjást vel á túnauppdrætti frá 1918. *Norðurtraðir* munu hafa verið þar sem vegurinn liggur niður að bæjarstæðinu, en *Suðurtraðir* lágu suður frá bænum að suðurhliði túngarðsins, sem nefnt var *Suðurtraðahlið* og sést á uppdrætti.

9 **Stöðull** var utan suðurhliðs. Staðsetning óviss.

10 **Ásbrunnur** er austan bæjarhólsins og hlaðið kringum hann. Hleðslurnar eru rúmur metri á hæð nema að vestanverðu, þar sem hlaðin stétt er framan við brunninn. Frágangur er allur vandaðar og mannvirkið áhugavert. (Sjá mynd 2)



Mynd 2. Ásbrunnur

11 **Mógrafir** voru í Ásmýri eða Móamýri, sunnan við bæinn.

12 **Kringla** nefndist hringlaga gerði vestur á melum sem sagt er frá í örnefnalýsingu. Gerðið hefur líklega verið þar sem nú er skógrækt vestan við bæjarstæðið, en nákvæm staðsetning er óviss.


13 **Bæjarstæði Stekkjar**

Í Sögu Hafnarfjarðar er Stekkur sagður þurraþúð í Áslandi, en þess ekki getið hvenær byggð þar hófst. Í örnefnaskrá segir að Stekkur hafi fyrst byggst um 1830 á stekkjastæði frá Ási, og sé ýmist nefndur Stekkurinn, Ásstekkur, Vindásstekkur eða

Vindás. Steinhús hefur verið reist þar sem bærinn stóð áður, en ekki ólíklegt að þar séu enn minjar í jörðu.

14 Stekkstúngarður, sem er nefndur í örnefnaskrá, sést enn greinilega. Að norðanverðu er garðurinn um 80 cm á hæð og sjást grjóthleðslur vel. Vestanmegin er garðurinn hæstur, 1.2 m, og virðist eingöngu grjóthlaðinn en annars staðar er í honum torf. Garðurinn sést ekki á alllögum kafla suðaustanmegin við túnið. (Sjá mynd 3)

15 Tóft er utan í túngarðinum að norðanverðu, um 1 x 2 m að innanmáli. Grjót sést í veggjum.



Mynd 3. Stekkjartúngarður

16 Tóftir útihúsa eru rétt innan við garðinn að vestanverðu, rústin er um 10 m á lengd, tvískipt og stétt framan við hana. Grjóthleðslur sjást greinilega í veggjum.

17-18 Tvenn útihús eru auk þessa sýnd á túnauppdraetti frá 1918 og gætu leifar þeirra komið í ljós við jarðrask innan túnsins.

19 Tóft - kvíar (Nr. 146)² Tóftin er um 150 m suðvestur frá Ástjörn, um 50 m suður frá hraunjaðrinum. Hún er í grasi gróinni brekku sem hallar í norður að mýrarflóa sem teygir sig suðvestur frá Ástjörn. Tóftin úr hlöðnu grjóti og torfi. Nú sést aðeins grjót inni í rústinni en hún er mjög gróin að utan og veggir lágir. Tóftin er 2 x 2 m að innanmáli. Á austanverðum norðurgafli eru dyr 0.75 m á breidd. Þykkt veggja er 1.10 m - 1.60 m, þeir eru hæstir 0.65 m.

Botn rústarinnar er grasi gróinn, en grjót rétt undir grasrótinni. (Sjá mynd 4)

20 Tóft - stekkur (Nr. 147) Um 15 m vestan við kvíarnar (nr. 146). Tóftin er í grasi vaxinni brekku undir klapparholti. Norður undan brekkunni er mýrarflói sem liggur til suðvesturs frá Ástjörn.

² Rústir 19-24 voru skráðar 1988-90. Númer í svigum vísa til númera í skráningarbókum fornleifadeildar, sem lýsingar á rústunum eru teknar úr.

Tóftin skiptist í tvö hólfi. Veggir er hlaðnir úr torfi og grjóti, veggjaþykkt er mest um 1 m en minnst 0.60 m. Veggir eru hæstir um 0.85 m. Innanmál stærra hólsins er um 1.2 m x 1.4 m, en þess minna um 1.8 m x 0.7 m. Ógreinilegar dyr eru milli hólfanna, um 0.4 m á breidd. Veggir smærra hólsins eru frekar veigalitlir, aðeins einföld steinaröð, dálítið gróin að utanverðu. Dyr eru á austanverðum norðurgafli tóftarinnar, um 0.50 m breiðar. (Sjá mynd 5)



Mynd 4. Kvíar

21 Rétt (Nr. 148)

Í suðurjaðri Hvaleyrarhrauns, um 300 m suðvestur af Ástjörn. Réttin er í grasi vaxinni vik við hraunjaðarinn. Hún er hlaðin úr grjóti og skiptist í þrjú aðalhólf. Veggir eru víðast lágir, um 0.3 - 0.5 m, einföld steinaröð. Ekki sjáanlegt mikið hrun úr veggjum. Réttin er ágætlega varðveitt. (Sjá mynd 6)

22 Fjárhús (Nr. 149)

Fjárhúsin eru neðst í grýttri brekku vestan undir Grísanesi. Veggir eru hlaðnir úr grjóti, 1 - 1.5 m á breidd. Þeir eru hæstir um 1.5 m, en víða mikið hrundir. Á vesturhlið er um 7 m breitt op, þar sem timburþil hefur verið. Þrír garðar eru í fjárhúsinu. Innanmál þess er um 10 x 9.6 m.

23 Skotbyrgi (Nr. 150)

Efst á norðanverðu Grísanesi, frammi við brún . . . Byrgið er niðurgrafið, um 11 m langt og 6-8 m breitt að innanmáli. Veggir eru 0.8 - 2.2 m á breidd og 1.2 m hæð þar sem þeir eru hæstir, en sums staðar eru þeir alveg hrundir. Inngangur í byrgið að sunnanverðu. Frá byrginu sést vel til norðurs, austurs og vesturs.



Mynd 5. Stekkur




Mynd 6. Rétt

24 Skotbyrgi (Nr. 151)

Í klapparholti á suðvesturbrún Grísaness. Byrgið er um 4.5 x 2.5 m að innanmáli. Það er niðurgrafið og veggir allt að 1.7 m háir að innanverðu. Hleðslan stendur nokkuð vel í norðurhluta byrgisins en er mikið hrunin annars staðar. Veggir í norðurhluta eru um

0.8 m á breidd. Inngangur er á norðausturhlið, 0.6 m á breidd. Þak hefur verið á byrginu. Úr því sést vel vestur yfir hraunið.



Mynd 7. Skotbyrgi á Ásfjalli

25-28 ***Skotbyrgi*** eru fjögur í Ásfjall austan- og suðaustanverðu. Byrgin eru öll hringlaga með allháum veggjum, grjóthlöðnum. (Sjá mynd 7) Ekkert skotbyrgjanna virðist í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Lokaorð

Fornleifar á skipulagssvæðinu eru að langmestu leyti hefðbundnar búsetu- og landbúnaðarminjar, og eru nokkrar rústanna vel varðveittar. Einnig eru skráð nokkur skotbyrgi sem falla ekki undir skilgreiningu þjóðminjalaga á fornleifum. Skotbyrgin eru hins vegar sérstæðar minjar um ákveðinn kafla í sögu þjóðarinnar, og kemur til greina að varðveita eitthvað af þeim þótt ekki sé um það lagaskylda.

Fjárhús undir Grísanesi mun hafa verið byggt snemma á þessari öld og telst því ekki til fornleifa samkvæmt þjóðminjalögum. Hins vegar færi vel á að varðveita það ásamt stekk, kvíum og rétt í Króki suðvestan Ástjamar. Þar eru ágætlega varðveittar minjar um horfna búskaparhætti. Slíkar minjar verða æ sjaldgæfari í þéttbýli.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Ásgeir Guðmundsson: *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983*, 1-3, Hafnarfjörður 1984.

Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín, Ill, Kaupmannahöfn 1943.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847. ·

Óprentaðar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands

Uppdrættir af tünun 1918. Ás og Stekkurí Garðahreppi.

Þjóðminjasafn Íslands

Fornleifadeild. Mappa með gögnum um fornleifar í Hafnarfirði.

Skráningarbækur fornleifadeildar.


Örnefnastofnun

Örnefnalýsing Áss

Viðauki


Kort af skipulagssvæðinu. Hringir eru dregnir um viðkvæm svæði.

Uppdrættir af tünun Áss og Stekks 1918.



As

1918.




Sum mel. 1/2 alottas
felst 2,8 tugar
Kralgarður 670m²

1:2000

Š e k k u n

1918.

(Mělník s mělníkem gádní)



Šekken, přístav a mělník
celost. 0,6 kg
Kul. 200 m²

1:2000

